

Skutulsfjörður

Frá Hnífsdal:

Völlur (1). **Vallartá** (2). **Miðhlíð** (3) (milli **Eyrar** (4) og Hnífsdals).

Miðhlíðarsteinn (5) (fjarl. eftir 1930. Um afleiðingar þess skrifaði Árni Óla í bók sína *Reimleika*). **Urtusteinn** (6). **Pétursborg** (7). **Gildrunes** (8).

Krókur (9) (**Sauðakrókur** (10)). Króksbær (nýlega rifinn).

Á firðinum:

Prestabugt (11), fram af ofanverðri Eyri og Krók.

Á Eyrinni:

Franskabúð (12) hét torfbær ofarlega og norðarlega á Eyrartúni. Var rifinn fyrir konungskomuna 1907. **Norðurtangi** (13). **Dokka** (14). **Miðkaupstaður** (15). **Mjósund** (16). **Suðurtangi** (17). **Oddi** (18). Á Suðurtanga var **Neðstikaupstaður** (19), þar var áður aðsetur dönsku einokunarverzl. og síðar Ásgeirsverzl. og Samein. ísl. V.). **Muslingur** (20) var rif af kræklingaskeljum fram af Suðurtanga. Það var að mestu tekið í uppfyllingu við byggingu bátahafnar. **Hæstikaupstaður** (21). Eyrarbær (kirkjustaður). **Bót** (22). **Bugur** (23).

Fjallið ofan við Eyri:

Eyrafjall (24). **Eyrahlíð** (25). **Stóruurð** (26) er í hlíðinni rétt ofan og innan við Eyri. **Torfnes** (27) er neðan við Stóruurð. **Gleiðarhjalli** (28) er ofan við Stóruurð. **Hærrafjall** (29) er ofan við klettabeltið í Eyrafjalli. **Pollurinn** (30).

Inn með Pollinum að vestanverðu auk Torfness:

Stakkanes (31). Grænigarður. **Stekkjarnes** (32).

Inn úr fjarðarbotni ganga fjórir dalir:

Seljaland. **Seljalandsmúli** (33). **Seljalandsdalur** (34). Eyrarfjall beygir í NV meðfram Seljalandsdal, þar eru 2 mjóir klettadrangar, **Þjófar** (35), **Þjófaskarð** (36). Þar fram af, efst í Seljadal, er **Skarðsengi** (37). Þar niður af **Hrossahjallar** (38). **Gullhóll** (39).

Efst - lokar dalnum:

Kistufell (40) fyrir botni Seljalandsdals. **Gyltuskarð** (41). **Búrfell** (42). **Miðfell** (43). **Sandfell** (44). **Brún** (45), skógarbrún inn af Seljalandsmúla. Hún hækkar, er sunnar dregur, og heitir þá **Háabrún** (46).

Næst Seljalandsdal er:

Tungudalur (47). **Tunguskógur** (48). Frá Brún fellur **Buná** (49) (Bunuá) niður í Tunguá. Í henni er **Bunuárfoss** (50). **Tunguá** (51) rennur eftir Tungudal. Tunga (bærinn). Efritunga. **Hnífafjall** (52) (**Hnífar** (53)). **Tunguárós** (54) (**Ósinn** (55)). **Skeið** (56). **Dagverðardalur** (57). **Úlfsá** (58) (bær með sama nafni). Góustaðir. Fagrihvammur. **Tunguleiti** (59). **Austmannsfall neðra** (60). **Austmannsfall efra** (61). **Breiðadalsheiði** (62).

Fyrir miðjum firðinum er:

Hafrafellskubbi (63) (fjall), undir honum bærinn Hafrafell. Þar fram af, vestar: **Hauganes** (64). Suður af Hafrafellskubba er **Nónhorn** (65). **Nónhornsvatn** (66), úr því fellur **Pverá** (67) niður í **Langá** (68) í **Engidal** (69). Þar eru þrír bæir: Engidalur neðri (Neðri-Engidalur), Engidalur fremri (Fremri-Engidalur) og Fossar. **Fossá** (70) fellur úr **Fossavatni** (71) innan við Kirkjuból.

Suður af Fossavatni er:

Rauðkollur (72), ber e.t.v. einnig annað nafn, og suður af honum er **Þóruskarð** (73). Þar var áður farið yfir í Seljalandsdal í Álftafirði.

Fjallið austan við Skutulsfjörð heitir:

Ernir (74). Sunnan til við það, handan við Engidal, er Kirkjuból (áður landnámsjörðin Skálavík?). Þar upp af **Kirkjubólshvilft** (75) eða **Kirkjubólsskál** (76). Þar utar Kirkjubær, en á milli þessara jarða er **Skipeyri** (77) (Skipaeyri). Utan við Kirkjubæ var áður bær, **Seljabrekka** (78). Hann tók

af á 18. - 19. öld vegna skriðufalla. (Sjá Sóknarlýsingar Vestfjarða.) Naust (hét Kjarvalsstaðir, þegar Þorsteinn Kjarval bjó þar). **Naustahvilft** (79) er í fjallinu upp af Naustum. **Kirkjubólshlíð** (80), hlíðin frá Kirkjubóli út undir Naust. **Sund** (81) heitir sundið meðfram Eyrinni, siglt eftir því inn á Poll. **Hol** (82), sundið frá Naustum inn fyrir Odda á Suðurtanga. **Básar** (83) heita klettar niður við sjó á leið til **Arnardals** (84). **Arnarnes** (85). Arnardalur neðri. Arnardalur fremri.

Innan við Arnardal er:

Hamar (86). Þar eru fyrstu jarðgöng á Íslandi.

Þá tekur við:

Súðavíkurlíð. - Ég er ekki viss um, hvað fjallið austan Arnardals heitir, en syðst í því fjalli er Sauratindur. Þaðan er komið niður í Sauradal í Álftafirði.

Reykjavík, 1. maí 1978.

Ólafur Magnússon.

Stafrófsskrá örnafna.

Arnardalur 84	Miðhlíð 3
Arnarnes 85	Miðhlíðarsteinn 5
Austmannsfall efra 61	Miðkaupstaður 15
Austmannsfall neðra 60	Mjósund 16
Básar 83	Muslingur 20
Bót 22	Naustahvilft 79
Breiðadalsheiði 62	Neðstikaupstaður 19
Brún 45	Nónhorn 65
Bugur 23	Nónhornsvatn 66
Buná 49	Norðurtangi 13
Bunuárfoss 50	Oddi 18
Búrfell 42	Ós(inn) 55 = 54
Dagverðardalur 57	Pétursborg 7
Dokka 14	Pollur(inn) 30
Engidalur 69	Prestabugt 11
Ernir 74	Rauðkollur 72
Eyrarfjall 24	Sandfell 44
Eyraryhlíð 25	Sauðakrókur 10 = 9
Eyri 4	Seljabrekka 78
Fossavatn 71	Seljalandsdalur 34
Fossá 70	Seljalandsmúli 33
Franskabúð 12	Skarðsengi 37
Gildrunes 8	Skeið 56
Gleiðarhjalli 28	Skipeyri 77
Gullhóll 39	Stakkanes 31
Gyltuskarð 41	Stekkjarnes 32
Háabrún 46	Stórurð 26
Hafrafellskubbi 63	Suðurtangi 17
Hamar 86	Sund 81
Hauganes 64	Torfnes 27
Hnífafjall 52	Tunguá 51
Hnífar 53	Tunguárós 54 = 55
Hol 82	Tungudalur 47
Hrossahjallar 38	Tunguleiti 59
Hærrafjall 29	Tunguskógur 48
Hæstikaupstaður 21	Úlfsá 58
Kirkjubólshlíð 80	Urtusteinn 6
Kirkjubólshvilft 75 = 76	Vallartá 2
Kirkjubólsskál 76 = 75	Völlur 1
Kistufell 40	Þjófar 35
Krókur 9 = 10	Þjófaskarð 36
Langá 68	Þóruskarð 73
Miðfell 43	Þverá 67